

## 189. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 16. júní 2004 kl. 16:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Rúnar Gíslason, forseti bæjarstjórnar, RG  
Dagný Þórisdóttir, DÞ  
Eypór Benediktsson, EB  
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB  
Hilmar Hallvarðsson, HH  
Davið Sveinsson, DS  
Guðmundur Kristinsson, GK  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri ÓJG  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari.

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

### 1. Fundargerð bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 374, dags. 3.6.2004.

**Fundargerðin er í 12 tölusettum liðum.**

**Liður 1 ráðning byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar.**

**Kosið var á milli tveggja umsækjenda**

**Bjarnfríður Vilhjálmisdóttir arkitekt fékk 4 atkvæði.**

**Páll Björgvinsson arkitekt fékk 3 atkvæði.**

**Bæjarstjórn felur bæjarstjóra að ganga til samninga við Bjarnfríði.**

**Bæjarritari kom á fundinn kl.16:35**

**Liður 2.2. fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, Liðir 1, 3, 4, 5, 6.1, 6.2, 6.4, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8, 6.9, 6.10, 6.11, 6.12, 6.13, 6.14, 6.15, 6.17, samþykktir. Eypór Benediktsson sat hjá við afgreiðslu 5 liðar. Til máls tóku: HH, ÓJG, RG, DÞ og DS**

**Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.**

**Liður 4 reglur og gjaldskrá um slátt og hirðingu lóða, samþykktur, bæjarstjóra falið að kynna reglur og gjaldskrá. Til máls tóku: DS, ELB, HH, EB og RG**

**Liður 5 lóðarumsóknir, liður 5.1 samþykktur, 5.3 samþykkt að auglýsa 12 lóðir við við Hjallatanga og 5.4 samþykktur, Davið Sveinsson og Dagný Þórisdóttir sátu hjá við lið 5.4. Til máls tóku: DS, RG, GK, ÓJG og EB**

**Liður 10 slitlagsframkvæmdir, bæjarstjóri gerði grein fyrir málinu. Samningur um slitlagsframkvæmdir samþykktur Til máls tóku: RG, HH, DS, GK og ÓJG**

**Liður 11 húsaleigusamningur vegna líkamsræktarstöðvar. Bæjarstjóri gerði grein fyrir samningnum, samningur samþykktur. Til máls tóku: HH, ÓJG, RG, EB, DS, og GK**

**Afgreiðsla bæjarráðs staðfest samhljóða.**

### 2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Fundargerð fræðslunefndar, dags. 26.5.2004.

**Fundargerð lögð fram.**

**Fundargerð afgreidd samhljóða.**

2.2. Fundargerð skipulags- og bygginarnefndar, dags. 2.6.2004.  
**Fundargerð lögð fram.**  
**Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.**

**3. Kosningar skv. 15. og 16. grein samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar nr. 325/2001.**

Bréf Bylgju Hrannar Baldursdóttur varðandi úrsögn hennar úr bæjarstjórn vegna búferlaflutninga lagt fram.

a) Forseti bæjarstjórnar.  
**Rúnar Gíslason var kosinn samhljóða.**

b) Fyrsti varaforseti.  
**Dagný Þórisdóttir var kosin samhljóða.**

c) Annar varaforseti.  
**Davíð Sveinsson var kosin samhljóða.**

d) Tveir skrifarar og tveir varaskrifarar.  
**Aðalmenn: Varamenn:**  
**Eyþór Benediktsson Elísabet Lára Björgvinsdóttir**  
**Hilmar Hallvarðsson Guðmundur Kristinsson**

**4. Kosningar skv. 57. grein samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar nr. 325/2001**

**Til eins árs:**

a) Bæjarráð.

**Aðalmenn**

**Dagný Þórisdóttir**  
**Eyþór Benediktsson**  
**Guðmundur Kristinsson**

**Varamenn**

**Elísabet Lára Björgvinsdóttir**  
**Rúnar Gíslason**  
**Hilmar Hallvarðsson**

b) Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

**Dagný Þórisdóttir**  
**Eyþór Benediktsson**  
**Guðmundur Kristinsson**

**Elísabet Lára Björgvinsdóttir**  
**Rúnar Gíslason**  
**Hilmar Hallvarðsson**

c) Þjóðhátíðarnefnd.

**Íris Huld Sigurbjörnsdóttir formaður**  
**Björn Ásgeir Sumarliðason**  
**Jóhanna Guðmundsdóttir**  
**Ásta Valdís Guðmundsdóttir**  
**Árdís Gísladóttir**

**Gestur Hólm Kristinsson**  
**Jóhann Hinriksson**  
**Halla Dís Hallfreðsdóttir**  
**Árni Valgeirsson**  
**Gerður Sigurðardóttir**

**5. Aðrar kosningar.**

- a) Kosning tveggja varafulltrúa í stjórn FSH ehf.  
**Elísabet Lára Björgvinsdóttir og Hilmar Hallvarðsson**
- b) Kosning í stað Margrétar Thorlacius í Fræðslunefnd.  
**Katrín Gísladóttir, varamaður Alda Pálsdóttir**
- c) Kosning í stað Tomasar Enok Thomsen varamanns í skipulags-og byggingarnefnd.  
**Magnús A. Sigurðsson**
- d) Kosning í stað Ólafar Eysteinsdóttur varamanns í æskulýðs- og íþróttanefnd.  
**Einar Gunnarsson**
- e) Kostning í stað Margrétar Thorlacius varamanns í Félags-og skólaþjónustu Snæfellinga.  
**Katrín Pálsdóttir**

**6. Kjörskrá til forsetakosninga 26. júní 2004.**

Á kjörskrá Stykkishólms eru 808, þar af 391 kona og 417 karlar.

**Kjörskrá lögð fram og bæjarstjóra falið að undirrita kjörskrá.**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:43

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.